

Sérverkefni í klassískum málum (grísku og latínu) og klassískum fræðum

Lýsing

Sérverkefni í grísku og latínu eru 5 og 10 eininga (ECTS) einstaklingsverkefni sem eru ætluð þeim nemendum sem ekki geta tekið annað námskeið við sitt hæfi. Nemendur ættu *ekki* að skrá sig í sérverkefni nema í samráði við greinarformann.

Í sérverkefni vinnur nemandinn verkefni upp á eigin spýtur en undir leiðsögn kennara. Engar reglulegar kennslustundir eru í þessum verkefnum. Kennari og nemandi skilgreina verkefnið í upphafi misseris en viðfangsefni verkefna eru, eins og gefur að skilja, margbreytileg. Oftast er þó um að ræða þýðingarverkefni, stíllagerð eða ritgerð en nemendur, sem eru færir um að fást við texta á frummálinu, ættu alla jafnan að vinna annaðhvort þýðingarverkefni eða stíl.

Þýðingarverkefni

Þýðingarverkefnum er ætlað að þjálfar nemandur í lestri, túlkun og þýðingu fornra texta sem og í sjálfstæðum vinnubrögðum; auka orðaforða nemenda og viðhalda málfræðikunnáttu þeirra. Þýðingarverkefni veita nemanda einnig mjög nána þekkingu á völdum frumtexta og höfundum og undirbúa nemandur enn fremur fyrir vinnslu BA-verkefnis, sem oftast eru verkefni af þessu tagi en stærri í sniðum.

Nemandi þýðir forngrískan eða latneskan frumtexta á íslensku. Eins og gefur að skilja verða nemendur, sem hyggjast vinna verkefni af þessu tagi, að hafa lokið annaðhvort námskeiðinu Forngrísku I eða Latínu I eða hafa nægilegan bakgrunn í viðkomandi tungumáli til þess að geta hafist handa við þýðingavinnu.

Umfang þýðingarverkefnis er breytilegt bæði vegna þess að nemendur eru mislangt komnir í námi og hafa því mismikla getu en einnig vegna þess að frumtextar eru miserfiðir. Í grófum dráttum má ætla að til grundvallar 5 eininga verkefni liggi 10–15 bls. langur frumtexti eða um 300 til 450 ljóðlínur en til grundvallar 10 eininga verkefni liggi 20–30 bls. langur frumtexti eða 600 til 900 ljóðlínur en það er sambærilegt við vinnuálag í 5 og 10 eininga leskúrsum með 12 og 24 kennslustundum.

Þýðingunum fylgir yfirleitt stuttur inngangur og skýringar eftir þörfum.

Nemandi skilar verkefninu til kennara síðasta kennsludag misseris (nema um annað sé samið í upphafi misseris). Námsmatið er að öllu leyti fólgið í verkefninu sem skilað er inn. Um einkunnaskil gilda reglur HÍ.

Stíllagerð

Stíllagerð er ætlað að efla þekkingu nemenda á málinu, auka orðaforða þeirra og styðja og treysta málfræðikunnáttu þeirra.

Nemandi þýðir íslenskan (eða enskan¹) texta á forngrísku eða latínu. Í verkefni af þessu tagi er heppilegast að nemandi standi reglulega skil á vinnu sinni til kennara enda þótt kennslustundir séu engar. Einnig kemur til greina að kennari setji nemanda fyrir aðrar æfingar ýmiss konar, sem þjálfar nemandann í ritun texta á forngrísku eða latínu, svo sem að snúa texta á forngrísku eða latínu í óbeina ræðu.

Nemendur, sem hyggjast vinna stíllagerð, verða að hafa lokið annaðhvort námskeiðinu Forngrísku I eða Latínu I eða hafa nægilegan bakgrunn í viðkomandi tungumáli til þess að geta tekist á við verkefni af þessi tagi.

Nemandi skilar verkefninu eða síðasta hluta þess til kennara síðasta kennsludag misseris (nema um annað sé samið í upphafi misseris). Námsmatið er að öllu leyti fólgið í verkefninu sem skilað er inn. Um einkunnaskil gilda reglur HÍ.

Ritgerðarverkefni

Nemandi, sem af einhverjum ástæðum getur ekki tekið neitt annað námskeið við sitt hæfi en er þess ekki umkominn að vinna þýðingarverkefni eða stíl², á kost á að skrifa ritgerð.

Ritgerðarverkefni er ætlað að auka og dýpka þekkingu nemenda á völdu viðfangsefni, sem tengist bókmenntum, sögu eða samfélagi klassískrar fornaldar, sögu klassískra fræða eða klassískri arfleifð í nútímanum með þeim hætti að nemandinn verði betur í stakk búinn að nema og ástunda fræðin. Verkefni af þessu tagi ætti enn fremur að þjálfar nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum sem og agaðri miðlun og skýrri framsetningu á fræðilegu efni.

Nemandinn ætti að skilgreina sem fyrst viðfangsefni ritgerðar sinnar í samráði við kennara. Ritgerðin ætti að uppfylla allar kröfur, sem eðlilegt er að gera til slíkra verkefna á háskólastigi, t.a.m. hvað varðar meðferð og frágang heimilda.

Til viðmiðunar má ætla að 5 eininga ritgerð sé u.þ.b. 3500 til 4000 orð að meðtöldum neðanmálsgreinum en að undanskilinni heimildaskrá en 10 eininga ritgerð sé u.þ.b. 7000 til 8000 orð að meðtöldum neðanmálsgreinum en að undanskilinni heimildaskrá. Einnig mætti setja fyrir fleiri en smærri verkefni.

Nemandi skilar verkefninu til kennara síðasta kennsludag misseris (nema um annað sé samið í upphafi misseris). Námsmatið er að öllu leyti fólgið í verkefninu sem skilað er inn. Um einkunnaskil gilda reglur HÍ.

¹ Flestar aðgengilegar kennslubækur eru á ensku.

² Til dæmis nemandi á fyrsta misseri náms, sem hefur engan bakgrunn í klassískum málum og hefur enn ekki lokið við Forngrísku I eða Latínu I en getur af einhverjum ástæðum ekki tekið neitt annað námskeið.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sérverkefna eru breytileg eftir því hvers eðlis verkefnið er.

Þýðingarverkefni

Að verkefninu loknu ættu nemendur að:

- skilja algengustu orð málsins og þekkja meginatriði málfræðinnar;
- geta lesið, skilið, túlkað og þýtt á íslensku texta úr forngrísku eða latínu með hjálp orðabókar, málfræðirita og annarra uppfléttirita.
- hafa nákvæma þekkingu á völdum texta og höfundu, þekkja inntak textans og mikilvægi hans.

Stíllagerð

Að verkefninu loknu ættu nemendur að:

- kunna algengustu orð málsins og þekkja meginatriði málfræðinnar;
- geta þýtt á forngrísku eða latínu einfaldar og jafnvel meðalflóknar eða flóknar setningar;

Ritgerð

Að verkefninu loknu ættu nemendur að:

- geta leitað sér heimilda, unnið úr þeim og vísað til þeirra á ábyrgan hátt;
- geta fjallað um fræðilegt efni í rituðu máli;
- kunna skil á viðfangsefni sínu og vera færir um að gera grein fyrir því í rituðu máli á skýran og skilmerkilegan hátt.

GÞÞ